

Húsreglur fyrir Nemendagarðana á Hvanneyri

1. Íbúum er skylt að ganga þrifalega um íbúðir og lóðir nemendagarðanna og sýna sjálfsagða hirðusemi. Óheimilt er að geyma númerslausa bíla, dekk og annað þess háttar fyrir utan húsin. Dót við innganga að íbúðum skal halda í lágmarki. Óheimilt er að negla í vegg í íbúða.
2. Leigjendur skulu hafa hugfast að valda öðrum íbúum hússins sem minnstu ónæði og óþægindum. Milli kl. 24:00 og 07:00 skal ríkja kyrrð í húsnæðinu. Leitað skal eftir samþykki næstu nággranna ef um sérstakar upptakomur er að ræða s.s. party og veislur sem raskað geta ró þeirra eftir kl. 24:00. Reykingar eru ekki leyfðar innanhúss í húsnæði nemendagarðanna.
3. Dýrahald er bannað í húsnæði og lóð nemendagarðanna og er þá átt við hunda, ketti, kanínur, og önnur þau dýr er geta valdið ofnæmi, skemmdum á húsnæði og/eða ónæði.
4. Í útifatageymslu skal gæta fyllsta hreinlætis. Þar er leyfilegt að geyma reiðhjól og barnavagna.
5. Íbúum er skylt að gera húsverði strax viðvart ef um bilanir eða skemmdir verða á húsnæði eða búnaði þess, í tölvupósti á netfangið petur@lbhi.is eða í síma 843-5341.
6. Við brottflutning úr húsnæði skal íbúðinni, geymslu, útifataskáp og öðru því sem leigjanda tilheyrir skilað vel þrifnu, samkvæmt þrifalýsingu (sjá „flutningar“ á heimasíðu nemendagarðanna). Fyrir lyklaskil er húsnæðið tekið út að leigjanda viðstöddum (óski hann þess) á dagvinnutíma húsvarðar. Ef allt er í lagi fyllir húsvörður út úttektarstaðfestingu sem veitir leigjanda heimild til að skila inn lykli.
7. Lyklum skal skilað síðasta dag leigutímabils til húsvarðar eða til Álfheiðar Sverris á kennsluskrifstofu. Ekki er hægt að skila lykli nema úttekt á húsnæði hafi farið fram. **Leiga verður innheimt þar til lykli er skilað.**
8. Ef upp kemur misbrestur á skilum á húsnæði er heimilt að rukka leigutaka um viðgerð/þrif, 4000 kr. á klst, þrif og áhöld innifalin.

9. Tímabundnir leigusamningar eru óuppsegjanlegir og samningum verður ekki rift nema í verulega sérstökum tilvikum, sem dæmi ef nemandi hættir í skólanum eða flytur í burtu. Ef slíkt kemur fyrir greiðir íbúi fulla leigu fyrir þann mánuð sem hann skilar lykli í.
10. Ef íbúar fylgja ekki ofangreindum húsreglum (sem dæmi: dýrahald, ónæði í húsnæði, vanhirða o.fl.) er stjórn nemendagarðanna heimilt að rifta samningi við viðkomandi leigjanda.